

T I L L A G A

að starfsreglum um breyting á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af biskupi Íslands
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:
Bolungarvíkur-, Holts-, Ísafjarðar- og Þingeyrarprestaköll, Vestfjarðaprófastsdæmi,
sameinist í eitt prestakall, Ísafjarðarprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu,
stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við
birtingu.

Greinargerð.

Í hinu nýja Ísafjarðarprestakalli þjóna sóknarprestur og þrír prestar. Tekið verður tillit
til vígslualdurs, menntunar, annarrar reynslu og jafnréttisáætlunar kirkjunnar við mat
á því hver verði sóknarprestur sameinaðs prestakalls. Gert er ráð fyrir að afgreiða
tillöguna á framhaldskirkjuþingi 2020.

Sameining þessi öðlast gildi hinn x.